

EFTIRLITSSKÝRSLA

Tungusilungur ehf. Tálknafirði



Dags eftirlits	28.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Tungusilungur ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Strandgata 39	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	330802-3270	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ragnar Þór Marinósson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	65°45'09,2"N 23°22'50,6"V

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tíu frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Ársyfirliti fyrir árið 2023 sem átti að skila fyrir 1. maí 2024 hefur ekki verið skilað. 2) Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 sem átti að skila fyrir 1. maí 2024 hefur ekki verið skilað. 3) Ársyfirliti fyrir árið 2024 sem átti að skila fyrir 1. maí 2025 hefur ekki verið skilað. 4) Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 sem átti að skila fyrir 1. maí 2025 hefur ekki verið skilað. 5) Sýni voru ekki tekin úr frárennslisvatni við hámarksfóðrun árið 2023. 6) Sýni voru ekki tekin úr frárennslisvatni við lágmarksfóðrun árið 2023. 7) Sýni voru ekki tekin úr frárennslisvatni við hámarksfóðrun árið 2024. 8) Sýni voru ekki tekin úr frárennslisvatni við lágmarksfóðrun árið 2024. 9) Ekki er ljóst hver losun fosfórs frá stöðvum rekstraraðila var árið 2023. 10) Ekki er ljóst hver losun fosfórs frá stöðvum rekstraraðila var árið 2024.

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu

Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Tungusilungs, Tálknafirði.

Tungusilungur er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 22. nóvember 2038. Starfsleyfið tekur til eldis með allt að 200 tonna ársframleiðslu og 200 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma í þremur stöðvum.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Í síðasta eftirliti, árið 2023, komu engin frávik fram en ein ábending var sett fram. Ekki er tilefni til eftirfylgni.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Samkvæmt starfsleyfi rekstraraðila skal skila ársyfirliti og grænu bókhaldi (umhverfisupplýsingum) fyrir 1. maí ár hvert. Engum gögnum hefur verið skilað, hvorki vegna ársins 2023 né 2024 og eru skráð frávik þar um.

Samkvæmt starfsleyfi rekstraraðila skal mæla efnainnihald við inntak í stöðina og í útrás frárennslis a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Engin sýni hafa verið tekin síðan starfsleyfið tók gildi og eru skráð frávik vegna þess.

Losun fosfórs í viðtaka má skv. starfsleyfi ekki fara fram úr 10 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Upplýsingum (útreikningum eða mælingum) um fosfórlosun rekstraraðila hefur ekki verið skilað og eru skráð frávik þar um.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn

sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum til kynningar.

5. Önnur mál

All margar borholur eru á lóðum rekstraraðila og er vatn sjálfrennandi úr öllum nema einni þeirra. Umsókn rekstraraðila um nýtingarleyfi grunnvatns dags. 1. október 2018 var vísað frá í ágúst 2025 þar sem Umhverfis- og orkustofnun skortir forsendur til að vinna að leyfinu.

6. Skoðunarferð

Gengið var um allar þrjár stöðvar rekstraraðila. Frárennsli er frá hverju eldiskeri út í sjó og var farið yfir að taka skal sýni úr hverri útrás og blanda saman sýnum hverrar stöðvar í eitt heildarsýni og senda sýni úr því til greiningar. Engar athugasemdir eru gerðar við umgengni eða frágang.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
Gr. 4.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert, skila umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) vegna undangengins almanaksárs. Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
Gr. 4.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Ársyfirliti fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað.
Gr. 4.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert, skila umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) vegna undangengins almanaksárs. Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað.
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis við hámarksfóðrun ár hvert. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5), heildarfosfór og heildarköfnunarefni. Sýni var ekki tekið við hámarksfóðrun árið 2023.
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis við lágmarksfóðrun ár hvert. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5), heildarfosfór og heildarköfnunarefni. Sýni var ekki tekið við lágmarksfóðrun árið 2023.
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis við hámarksfóðrun ár hvert. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni

(TOC, COD eða BOD5), heildarfosfór og heildarköfnunarefni. Sýni var ekki tekið við hámarksfóðrun árið 2024.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis við lágmarksfóðrun ár hvert. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5), heildarfosfór og heildarköfnunarefni. Sýni var ekki tekið við lágmarksfóðrun árið 2024.

Gr. 4.3 og 3.4 í starfsleyfi

Fylgjast skal árlega með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis, út frá mældum gildum og útreikningum frá fóðurnotkun. Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 10 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Engar upplýsingar liggja fyrir um hver losun næringarefna var árið 2023.

Gr. 4.3 og 3.4 í starfsleyfi

Fylgjast skal árlega með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis, út frá mældum gildum og útreikningum frá fóðurnotkun. Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 10 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Engar upplýsingar liggja fyrir um hver losun næringarefna var árið 2024.


ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.10.2025



Freyr A. Evarsson